

XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

140

1. S. Bergmann kaupmaður í Hafnarfirði rekur verslun þar með allan venjulegan verslunarvarning með ótakmarkaðri ábyrgð. — Prókurú hefir Daniel Bergmann í Hafnarfirði.
2. Firmað Bookless Bros í Hafnarfirði tilkynnir afturköllun á prókúruumboði Ólafs V. Davíðssonar frá í dag.
3. Kaupmaður S. Bergmann í Hafnarfirði tilkynnir, að prókúra það, er Daniel Bergmann hefir haft fyrir verslun hans, sje afturkallað frá 1. júní.

Auglýsing

141

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1918.

Skrás. 1918 nr. 1.

Tilkynt 5. febrúar 1918, kl. 2 síðd., af A.s. Tagpappfabriken Dortheasminde, þakpappagerð, Horsens, Danmörku, og skrásett 12. s. m.

Herkules

Lýsing á merkinu:

Orðið: Herkules.

Merkið á eingöngu að ná til tjörupakpappa, og á að nota það sem sjer-staklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Samkv. tilk. dags. 17. sept. 1901, hefir merkið verið skrásett í Kaupmannahöfn 23. oktbr. s. á. og sú skrásetning endurnýjuð 23. oktbr. 1911.

Skrás. 1918 nr. 2.

Tilkynt 25. maí 1918, kl. 11 árd., af firmanu Thomas Bear & Sons, Limited, tóbaksgerðarmönnum, London, og skrásett 1. júní s. á.



Lýsing á merkinu:

Innan í rjetthyrndum ferhyrning standa í umgerð orðin: TRADE MARK, en milli þeirra, í hringmynduðum feldi, er mynd af fil, er stendur undir pálmavið.

Merkið, sem einungis á að nota á tóbak, er áður skrásett í London, 45. flokki, 19. maí 1904.

Skrás. 1918 nr. 3.

Tilkynt 28. maí 1918, kl. 12 á háð., af firmanu The American Tobacco Co., tóbaksgjörðarmönnum, New York í Bandaríkjunum, og skrásett 4. júní s. á.

LUCKY STRIKE

Lýsing á merkinu:

Orðin: LUCKY STRIKE.

Samkvæmt tilk. dags. 9. febr. 1917, er merkið áður skrásett í Washington 4. septbr. s. á, fyrir eftirgreindar vörutegundir: Reyktóbak, munntóbak, plötu-tóbak og brjefvindlinga (Cigarettur).

Skrás. 1918 nr. 4.

Tilkynt 2. júlí 1918, kl. 11 árd., af firmanu J. Lyons & Co. Limited, kaupmönnum, London, og skrásett 6. s. m.

CELESCO

Lýsing á merkinu:

Orðið: CELESCO, sem er sjerstaklega tilbúið heiti, er nota á sem ein-kenni á matvælum og næringarefnum.

Merkið er skrásett í London, 42. flokki, 17. desbr. f. á. fyrir ofangreindar 141
vörutegundir samkv. tilk. dags. 14. septbr. s. á.

Skrás. 1918 nr. 5.

Tilkent 2. oktbr. 1918, kl. 12 á háð., af Isidor Nielsen, verksmiðjueiganda,
Trondhem í Noregi, og skrásett 12. s. m.

ISIDORS

Lýsing á merkinu:

Orðið: ISIDORS.

Samkv. tilk., dags. 25. jan. 1918, er merkið skrásett í Kristianíu 7. maí
s. á. fyrir allar þær vörutegundir, sem taldar eru í 7., 11., 12., 14., 26. og 29.
flokki, svo sem gljáhvöður, vax, oliur og feititegundir, sem ekki eru ætlaðar til
átu; steinoliu, tjöru, harpeis, viðarkvoðu og teygikvoðu, sem og annað, sem búið
er til úr þessum efnum; rafmagnsvjelar og aðrar vjelar, verkfæri og áhöld, vagna,
hjólhesta, bifreiðar, flugvjelar, sprengiefni og flugelda.

Samkv. 10. gr. vörumerkjalaganna voru á árinu *endurnýjuð* þessi merki:
Nr. 1 og 2 1908 (Det Danske Petroleum Aktieselskab).

Skrifstofu vörumerkjaskrárritarans í Reykjavík, 31. desbr. 1918.